

## Skógarkonur

### Frá stofnun að fyrsta aðalfundi 2019



#### Stofnun

Stofnfundur nýs félags kvenna í skógrækt var haldinn föstudaginn 1. febrúar 2019 og hlaut félagið nafnið Skógarkonur, samkvæmt kosningu meðlima. Á fundinum voru samþykkt lög félagsins og kosin stjórn, en í fyrstu stjórn félagsins sitja Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur, Sigríður E. Elefsen skógræðingur og Agnes Geirdal skógarbóndi. Varamaður er Sigríður Júlía Brynleifsdóttir skógræðingur.

#### Starfsemi fram að aðalfundi

Stjórn hélt stjórnarfund í febrúar og skipti með sér verkum. Agnes er formaður, Sigríður er gjaldkeri og Ragnhildur ritari. Fyrstu verk stjórnar voru að fá kennitölu fyrir félagið og opna bankareikning fyrir það, svo hægt væri að innheimta félagsgjöld.

Búið er að halda einn viðburð á vegum félagsins. Í maí var boðið til skógar göngu í Galtalæk þar sem formaður félagsins sagði frá ræktun fjölskyldu sinnar þar. Mættu á annan tug karla og kvenna í gönguna, í sól og svölu veðri.

Í lok júní sóttu formaður og ritari félagsins, ásamt fleiri konum frá Íslandi, ráðstefnu í Jönköping í Svíþjóð sem samtök skógarkvenna í Noregi og Svíþjóð – Kvinner i skogbruket og Spillkråkan – stóðu sameiginlega að. Fyrirhugað er að halda aðra slíka ráðstefnu í Noregi árið 2021 og eru Skógarkonur með í því samstarfi, en norska félagið fékk rausnarlegan styrk til að koma á formlegu samstarfi Norðurlandafélaganna. Fyrsti undirbúningsfundur fyrir þá ráðstefnu verður haldinn í Osló í lok nóvember og munu formaður og ritari sækja þann fund.

Fyrirhugað er að hafa skoðanakönnun meðal félagskvenna um helstu áherslur í starfi félagsins, þ.e. hvað félagskonur vilja að stjórnin leggi áherslu á.

Ragnhildur Freysteinsdóttir  
ritari